

Stjórnarráð Íslands og hið sameinaða gufuskipafjelag hafa í dag gjört svofeldan

Samning

um strandferðir við Ísland árið 1913.

1.

Fjelagið skuldbindur sig til að halda uppi strandferðum við Ísland árið 1913 á þeim grundvelli, sem viðfest ferðaáætlunaruppkast sýnir. Til ferðanna skal nota gufuskipin »Hólar« og »Skálholt« eða önnur skip jafnstór þeim og með jafngóðum farþegarúmum.

2.

Fjelaginu er heimilt að láta skipin koma við á öðrum stöðum en tilteknir eru á ferðaáætluninni; fjelagið leggur fyrir skipstjórana að taka á móti óskum um, að skipin komi við á stöðum utan áætlunar vegna farþega og flutnings, og ákveður skipstjóri síðan, hvort flutningurinn nemi svo miklu, að tiltækilegt sje að koma við á staðnum, eða hvort ástæður að öðru leyti leyfi það, og má jafnaðarlega vænta þess, að strandbátarnir komi við á öðrum stöðum en tilteknir eru á ferðaáætluninni, þegar trygging er fengin fyrir því, að farþega- og flutningsgjöld nemi að minsta kosti 150 kr., og til er sagt í tíma. Hraðferðirnar kringum landið, sem greindar eru á áætluninni, eru þó sjerstaklega fyrir farþega, og má ekki, án leyfis stjórnarráðsins, tefja þær með viðkomum á millistöðvum vegna flutnings. Svo framarlega sem gjöld á viðkomustöðum eru hækkuð verulega fram yfir það, er heimtað var af strandferðaskipunum árið 1912, hefir fjelagið rjett til að nema þann viðkomustað burt af áætluninni, ef ekki getur samist öðruvísi.

3.

Fargjöld og flutningsgjöld greiðast samkvæmt viðfestum gjaldskráum með tilheyrandi athugasemdum.

Ekki ber að greiða neitt flutningsgjald með strandferðabátunum fyrir vörur, sem hafa verið umskipaðar úr millilandaskipunum í þá eða eiga að umskipast úr þeim í millilandaskipin; aftur á móti getur fjelagið krafist, að borgað sje fyrir umskipunina 5 kr. af hverri smálest, þegar þarf að flytja vörurnar í land á umskipunarstaðnum, en 3 kr. af hverri smálest, þegar umskipað er racleitt frá skipi til skips.

Fjelaginu er skylt að flytja á ferðum þeim, sem ræðir um í samningi þessum, póstflutning án sjerstakrar borgunar samkvæmt ákvæðunum í 3. til 5. grein í hinum nügildandi samningi milli stjórnarráðs innanríkismálanna og stjórnarráðs Íslands annarsvegar og fjelagsins hinsvegar, um millilandaferðir.

5.

Fyrir allar þær skyldur, sem að framan eru taldar, fær fjelagið þóknun úr landssjóði Íslands, er nemur 60.000 kr., og greiðast tjeðar sextíu þúsund krónur fjelaginu með 10.000 kr. í byrjun júnimánaðar og 10.000 kr. í byrjun 5 næstu mánaða, að því tilskyldu, að fjelagið hafi þá í hvert skifti fullnægt skyldum sínum eftir samningnum.

Hamli is því, að lokið verði einhverri strandferð, og tilhlýðilegar sönnur eru á það færðar af fjelagsins hálfu, skal ekki draga neitt frá umsaminni ársþóknun. En sannist það ekki, að is hafi tálmað ferð, eða láti fjelagið móti von eigi fara umsamdar ferðir, skal það greiða 1000 kr. sekt fyrir hverja ófarna ferð, og skal auk þess draga frá ársþóknuninni fyrir hverja ólokna ferð tiltölulega upphæð eftir hlutfallinu milli þess tíma, sem ferð sú, sem ekki er farin mundi taka, og þess tíma, sem allar hinar umsömdu ferðir taka. Framangreind ákvæði gilda þó ekki er skipreika ber að höndum eða skipið á annan hátt verður fyrir svo miklu sjóttjóni, að hætta verður við ferð algjörlega, en þá greiðist þóknunin hlutfallslega til þess tíma er strandið bar að höndum eða sjóttjónið átti sjer stað, og heldur ekki, þótt skip vegna veðuráttu sleppi viðkomu einhversstaðar. Ef kært verður yfir því, að skip hafi ekki kouið við einhversstaðar, verður fjelagið ekki látið sæta ábyrgð fyrir það, nema stjórnarráðið finni ástæðu til þess að leggja málið undir gerðardóm, og hann kemst að þeirri niðurstöðu, að eigi hafi verið næg ástæða til að láta fyrirfarast að koma við, og ákveður gerðardómurinn þá jafnframt bætur þær, sem fjelaginu ber að inna af hendi. Í gjörðardóminum sitja forstöðumaður stýrimannaskólans í Reykjavík, einn af elstu skipstjórum fjelagsins í förum við Ísland, er fjelagið tilnefnir, og loks oddamaður, er báðir samningsaðilar velja fyrirfram.

Tafir um stundarsakir, sem stafa af sjóttjóni, hafa ekki áhrif á ársþóknunina.

6.

Samningur þessi er því skilyrði bundinn, að stjórnarráð innanríkismálanna samþykki breytingar þær á nügildandi samningi um millilandaferðirnar, sem fjelagið hefir áskilið sjer, og stjórnarráð Íslands hefir fallist á.

Eftir fjárhæðinni, kr. 60.000, er stimpilgjaldið fyrir samninginn 12 kr., og greiði hvor samningsaðila helming þess. **143**
26. nóv.

Samningur þessi er gjörður í tveimur samritum, og fá samningsaðilar sitt hvor.

Kaupmannahöfn, 26. nóvember 1912.

Þýðing.

144
26. nóv.

Viðbætur

við samning, dags. 7. ágúst 1909, milli stjórnarráðs innanríkismálanna og stjórnarráðs Íslands annars vegar og hins sameinaða gufuskipafjelags hins vegar, um póstgufuskipaferðir milli Danmerkur, Færeyja og Íslands.

1.

Farþegagjaldið breytist þannig, að aukagjald greiðist í viðbót við hið núverandi farþegagjald fyrir far til Íslands norður um land, ef ferðinni er haldið lengra áfram en til Akureyrar. Hækkunin á farþegagjaldinu nær þannig til:

allra viðkomustaða fyrir vestan Akureyri, að meðtöldum viðkomustöðum á Vesturlandi og Reykjavík, ef skipið kemur austan um land, og

allra viðkomustaða fyrir austan Akureyri, að meðtöldum viðkomustöðum á Austurlandi, ef skipið kemur vestan um land.

Á líkan hátt hækkar farþegagjaldið frá Íslandi, ef ferð austur um land hefst vestar en á Akureyri, eða ef ferð vestur um land hefst austar en á Akureyri.

Hækkunin nemur í fyrgreindum tilfellum jafnmiklu sem greiðist samkvæmt fargjaldsskrá þeirri fyrir strandferðirnar, er samþykkt hefir verið jafnframt þessu, fyrir ferð frá Akureyri til ákvörðunarstaðarins, eða, ef um ferð frá Íslandi er að ræða, fyrir vegalengdina frá þeim stað, þar sem ferðin er hafin, til Akureyrar.

Fyrir ferðir milli viðkomustaða á Íslandi, án þess að farið sje milli landa, greiðist farþegagjaldið samkvæmt áður nefndri gjaldskrá fyrir strandferðirnar, eða þeirri gjaldskrá, sem fjelagið og stjórnarráð Íslands síðar kynnu að verða ásátt um.

2.

Flutningsgjöldin milli Íslands og Leith breytast samkvæmt meðfylgjandi gjaldskrá þannig, að þau verða hjerumbil 10% lægri en flutningsgjöldin milli